

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

367. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 14.10.2016, kl.09:00.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Samkvæmt bréfi frá Reykjavíkurborg dagsettu 7.10.2016, hefur verið kosin nýr varafulltrúi í stjórn, Líf Magneudóttir, í stað Sóleyjar Tómasdóttur.

Tekið fyrir:

- 1. Rekstraráætlun 2017 - 2021.**
Framkvæmdastjóri kynnir greinargerð um forsendur rekstraráætlunar og drög að rekstraráætlun fyrir tímabilið 2017 – 2021. Stjórn samþykkir rekstraráætlunina.
- 2. Samningur við verktaka um urðun**
Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað dagsett 12.10.16 um stöðu samnings við verktaka í Álfsnesi. Stjórn samþykkir að framlengja samninginn við HJ bíla um eitt ár eða til 31.12.2017
- 3. Ákvörðun Kópavogsbæjar um söfnun plasts í blátunnur**
Kynnt samþykkt bæjarráðs Kópavogs þann 22.09.16 og bæjarstjórnar þann 27.9.2016 um söfnun plasts í blátunnu. Stjórn SORPU óskar eftir að málið verði tekið fyrir á eigendavettvangi sem fyrst.
- 4. Áhættustefna SORPU bs.**
Lögð fram drög að áhættustefnu fyrir SORPU bs, en málinu var frestað á fundi 22.4.16. Málið rætt og frestað.
- 5. Endurskoðun á siðareglum og starfsreglum stjórnar**
Kynnt endurskoðun á starfsreglum og siðareglum stjórnar sbr. ábendingar innri endurskoðunar. Málið rætt. Stjórn samþykkir og staðfestir með undirritun sinni.
- 6. Staða í viðræðum við Sorpstöð Suðurlands bs.**
Stjórnarformaður kynnti stöðu viðræðna SOS og SORPU bs.
- 7. Gæðastjórnun SORPU – rýni stjórnenda.**
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna fundargerð gæðaráðs um rýni stjórnenda.
- 8. Ráðgefandi álit EFTA dómstólsins í máli SORPU gegn Samkeppniseftirlitinu.**
Lagt fram og kynnt.
- 9. Úrskurður nr. 647/2016 Úrskurðarnefndar um upplýsingamál.**
Kynntur úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál, vegna kröfu Íslenska gámafélagsins um að fá aðgang að tilboðsgögnum þ.m.t. einingarverðum Gámaþjónustunnar í verkið „Þjónusta við grenndarstöðvar fyrir pappírsefni, plast og

[Handwritten signatures and initials in blue ink]

glar“ en Gámaþjónustan var lægstþjóðandi í verkið. Gögnin hafa verið afhent í samræmi við úrskurðinn.

10. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 25.nóvember kl.13.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 11:00

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Stúlur Arfon Gunn
Gudn
Skuld þorslensin
Fransu Gunn
Kolbrinn G. Þorsteinsson
Bjarni Tarfi
Bjarni Hildisson
Bjarni Hildisson
SORPA